

Undirrituð styður heils hugar þá tillögu sem hér er fram borin.

Brýnt er að vinna af krafti að vitundarvakningu um mikilvægi íslenskrar tungu og hlúa að íslenskunni í gegnum lifandi málnotkun á öllum sviðum. Kennarar gegna mikilvægu hlutverki í varðveislu tungunnar, allir kennarar í hinu almenna skólakerfi eru jafnframt íslenskukennarar. Einnig þarf að hamra á því að allir fullorðnir íslenskir málnotendur eru miðlarar þess einstaka fjöreggs sem íslensk tunga er. Við þurfum að hvetja hvert annað til dáða í að nota ávallt íslensku í leik og starfi.

Gott er að sjá að til stendur að marka heildarstefnu um kennslu íslensku sem annars tungumáls, bæði í skólum og fullorðinsfræðslu. Brýn þörf er á að taka af fagmennsku á því stóra viðfangsefni.

Virðingarfyllt,

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Austurbergi 5

111 Reykjavík

Símar: 570 5611 og 899 2123

www.fb.is